

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en málflutningslaun talsmanns stefnanda, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns stefndu, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður, en málflutningslaun talsmanns stefnanda, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns stefndu, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 28. september 1955.

Nr. 80/1955. Ákærvaldið (Guttormur Erlendsson)

gegn

Ellert Haraldssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Þorgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Fram er komið í málinu, að dómi þeim yfir ákærða frá 30. desember 1948, er í héraðsdómj getur, var eigi fullnægt fyrir en eftir 21. október 1953. Hefur sá dómur því ítrekunarverkun á brot það, sem ákærði er nú sóttur til sakar fyrir, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, þar á meðal málflutningslauna sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð :

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Ellert Haraldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

8. desember 1954.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Ellert Haraldssyni, bónda að Eystri-Reyni í Innra-Akraneshreppi, með ákæru-skjali, dags. 18. október þ. á., fyrir brot gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirlögdum kærnum og refsingum:

1948 30/12 Akranes: Dæmdur í 10 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á 23. gr. bifreiðalaga.

Málsatvik eru þessi:

20. september s.l. fór ákærði í Grafarrétt í bifreið sinni M 159. Hafði hann með sér í réttina flösku af brennivíni og drakk nokkuð úr henni um daginn. Um kl. 6 um kvöldið fór hann úr réttinni og ók þá bifreiðinni M 159, og voru með honum sonur hans ungur og annar drengur til. Rétt hjá Heynesi mætti hann bifreiðaeftirlitsmanni Bergi Arnbjarnarsyni á Akranesi og yfirlögregluþjóni Stefáni Bjarnasyni á Akranesi, en bifreiðaeftirlitsmanninum hafði verið gert aðvart simleiðis, að hann mundi vera að aka bifreið sinni undir áhrifum áfengis. Stöðvuðu þeir bifreiðina, er ákærði ók, og töldu, að hann væri töluvert drukkinn, því að hann reikaði í spori og auk þess heyrðist á mæli hans. Viðurkenndi ákærði fyrir þeim, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt framansögðu er það sannað með framburði vitna og játningu ákærða, að hann hefur ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis 20. september þ. á.

Með atferli sínu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ellert Haraldsson, skal sæta varðhaldi í 15 daga.

Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. september 1955.

Nr. 81/1955. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Herði Ólafssyni (Þórólfur Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómurarr Hæstaréttar.

Brot gegn bifreiðalögum. Svipting ökuleyfis.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu hefur ákærvaldið einungis skotið til Hæstaréttar að því er varðar ökuleyfisviptingu ákærða.

Svo sem greinir í héraðsdómi, hefur ákærði játað, að hann hafi neytt áfengis, er hann var að starfi sínu við akstur bifreiðarinnar M 245 frá Reykjavík til Borgarness hinn 9. október 1954. Er þetta einnig stutt með vætti vitna. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 ber því að svipta ákærða ökuleyfi, og þykir ökuleyfisviptingin hæfilega ákveðin 3 mánuðir.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.